

73. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 18. apríl 2017.

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú á Egilsstöðum kl. 15:00-16:00 og í síma.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ)

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Jón Björn Hákonarson (JBH), Sæunn Stefánsdóttir (SS).

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 72
2. Drög að ársreikningi 2016
3. Undirbúningur ársfundar og málþings
4. Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Staðfesting fundargerðar nr. 72

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 72.

2. Drög að ársreikningi 2016

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að ársreikningi Austurbrúar 2016. Stefnt er að því að staðfestingu reikningsins á næsta fundi að lokinni yfirferð með endurskoðanda.

3. Undirbúningur ársfundar og málþings

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að dagskrá málþings sem áformað er að halda í framhaldi af ársfundi Austurbrúar þann 8. Maí 2017. Áherslan á málþinginu á að vera á húsnæðismál á Austurlandi. Framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að undirbúningi í samræmi við umræðu á fundinum.

4. Önnur mál

a) Faghópur vegna áfangastaðarins Austurlands.

Framkvæmdastjóri fór yfir aðdraganda um stofnun faghóps fyrir verkefnið Áfangastaðurinn Austurland. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi hugmyndir um faghóp fyrir verkefnið.

Næsti stjórnarfundur verður í vikunni 24-28 apríl í síma. Framkvæmdastjóra falið að senda fundarboð á nefndarmenn þegar fyrir liggur hvenær endurskoðandi getur komið til fundar.

Fundi slitið kl. 16:00

Jón Björn Hákonarson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Gauti Jóhannesson

Sæunn Stefánsdóttir